

## Verkefnaráðnir leikstjórar í áhugaleikhúsi

### 1.1 Mánaðarlaun

1.1.1 Mánaðarlaun verkefnaráðsins leikstjóra í áhugaleikhúsi, skulu frá 1. janúar 2020 greidd samkvæmt eftirfarandi launatöflu:

Launaf.	Skilgreining á röðun í launaflokka	Fjárhæð mánaðarlauna
01	byrjunarlaun	483.293
02	eftir 4 sviðsetningar eða 2 ára prófaldur	498.237
03	eftir 7 sviðsetningar eða 5 ára prófaldur	513.647
04	eftir 12 sviðsetningar eða 9 ára prófaldur	529.491
05	eftir 18 sviðsetningar eða 12 ára prófaldur	545.910
06	eftir 24 sviðsetningar eða 16 ára prófaldur	562.795
07	eftir 30 sviðsetningar eða 20 ára prófaldur	580.200
08	eftir 35 sviðsetningar eða 25 ára prófaldur	598.144

### 1.3 Röðun leikstjóra í launaflokk

1.3.1 Leikstjórar raðast í launaflokk 01 - 08 í launatöflu í gr. 1.1.2. Taflan tekur mið af því að leikstjórar séu með háskólamenntun í leiklist eða sambærilegum greinum sviðslista, eða a.m.k. 5 ára reynslu af starfi við leikstjórn. Leikstjóri skal leggja fram fullnægjandi gögn til staðfestingar starfsreynslu sinni. Byrjunarlaun miða við leikstjóra sem hefur unnið að fjórum eða færri sviðsetningum. Röðun leikstjóra tekur hækkun miðað við starfsreynslu og/eða prófaldur. Ljúki leikstjóri sem raðað er í launaflokk 01 – 07 formlegu meistaranámi eða sambærilegu námi á háskólastigi skal hann raðast einum launaflokki ofar en ella.

Með sviðsetningum er átt við tilgreindan fjölda af fullgildum leiksýningum í atvinnuleikhúsi og LHÍ eða sambærilegum stofnunum. Þar að auki skal meta eftirfarandi reynslu skv. neðangreindri töflu:

Tegund verkefna	Fjöldi upp í fullgilda sviðsetningu	Hámark metið sem sviðsetningar
Stuttmynd og skemmri leikin sjónvarpsverk	4	2
Sjónvarpsmynd 50 mín. eða lengri	1	3
Kvikmynd 71 mín. eða lengri	1	3
Leiktúlkunarverkefni í LHÍ eða samb. skóla	3	2
Uppfærsla í áhugamannaleikhúsi	3	3
Aðstoðarleikstjórn í atvinnuleikhúsi	3	2
Útvarpsleikrit stök eða í röðum	4	2

Leikstjóri skal leggja fram fullnægjandi gögn til staðfestingar starfsreynslu sinni.

## **2.1 Stofn verktakagreiðslu og álag.**

- 2.1.1 Stofn verktakagreiðslu skal vera 3 launamánuðir samkvæmt töflu í 1.1.1 og launaflokki leikstjóra miðað við sviðsetningar og reynslu samkvæmt 1.3.1
- 2.1.2 Álag sem leggja skal ofan á stofn verktakagreiðslu skal vera að lágmarki 33%.

## **3.1. Gjöld og sjóðir**

- 3.1.1 Leikstjóri skal greiða FLÍ 2,5% af heildargreiðslu til FLÍ. Félagsgjald 1,5% og menningarsjóðsgjald 1%..
- 3.1.2 Leikstjóri skal að auki greiða af heildargreiðslu til BHM, 1% í sjúkrasjóð BHM, 0.25% í orlofssjóð BHM og 0.35% í starfsmennta- og starfsendurhæfingarsjóð BHM kjósi leikstjóri að tryggja sér inn rétt í sjóðum BHM.
- 3.1.3 Leikstjóri skal sjálfur standa skil á öðrum lögboðnum gjöldum eins og tryggingagjaldi og lífeyrissjóðsgjaldi.

# VERKEFNARÁÐNIR LEIKSTJÓRAR Í ÁHUGALEIKHÚSI VERKTAKASAMNINGUR

Verkkaupi: \_\_\_\_\_

Verktaki, hér eftir nefndur leikstjóri: \_\_\_\_\_

Gera með sér eftirfarandi verksamning:

Leikstjóri er ráðinn til að sviðsetja leiksýningu eftir handriti því sem aðilar hafa komið sér saman um:

\_\_\_\_\_  
Leikrit

\_\_\_\_\_  
Höfundur / Þýðandi

## LAUN LEIKSTJÓRA / GJÖLD VERKKAUPA

Greiðsla til leikstjóra fyrir umsamið verk skal vera \_\_\_\_\_ kr

### AUKAÆFINGAR

Verði æfingar fleiri en 36 kemur til aukagreiðsla. Fyrir hverja 4ra klst. æfingu skal greiða 2% af heildargreiðslu.

### SÝNINGARLAUN

Fyrir hverja sýningu umfram 18 skal greiða leikstjóra sýningarlaun sem nema . 0.08% af heildargreiðslu.

### UM VERKSVIÐ OG SKYLDUR VERKKAUPA OG LEIKSTJÓRA:

1. Leikstjóra er skylt að fylgjast með tveim fyrstu sýningunum leikritsins að því tilskildu að ekki líði fleiri en tveir dagar á milli sýninga.
2. Leikfélagi er skylt að tryggja leikstjóra vegna slysa, sem hann kann að verða fyrir á æfingum eða við eftirlit sýninga. Tjónabótafjárhæð fer eftir ákvæðum þar að lútandi í samningi . á

hverjum tíma.

3. Forfallist leikari eftir að sýningar eru hafnar, skal leikfélagið hafa samráð við leikstjóra um að æfa nýjan leikara í hlutverkið.

4. Ef nauðsyn er á æfingum eftir fyrstu viku frá frumsýningu ber leikstjóra, ef því verður við komið, að stjórna slíkum æfingum. Ber honum greiðsla eins og um aukaæfingar sé að ræða. Þurfi leikstjóri að taka sér ferð á hendur vegna slíkra æfinga ber leikfélaginu að greiða kostnað vegna ferða og upphalds.

5. Greiðslur falla í gjalddaga sem hér segir.

1. 10% við undirritun samnings.
2. 30% við upphaf æfinga
3. 30% þegar æfingatímabilið er hálfnað.
4. 30% á frumsýningardag

(eða eftir öðru samkomulagi, sem leikstjóri og leikfélag koma sér saman um við ráðningu.)

6. Meðan leikstjóri dvelst hjá leikfélagi skal það sjá honum fyrir fríu fæði og húsnæði og viðunandi vinnuástöðu með aðgangi að síma. Leikfélagið greiðir ferðir leikstjóra fram og til baka, auk þess greiðir leikfélag eina ferð fram og til baka á æfingatímanum. Hagi svo til að leikstjóri geti ekki dvalið á staðnum skal leikfélagið sjá um ferðir hans eftir nánara samkomulagi þeirra á milli starfi leikstjóri á öðru atvinnusvæði en heimili hans er á. Reykjavík, Kópavogur, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnes og Hafnarfjörður skoðast sem eitt atvinnusvæði. Verði að samkomulagi að leikstjóri aki á milli á eigin bifreið þá fær hann greidd 53,26% af akstursgjaldi ríkisstarfsmanna eins og það er á hverjum tíma.

7. Verði hætt við verkefnið án þess að leikstjóri eigi þar sök á, ber aðilum að semja sérstaklega um greiðslur til hans, með hliðsjón af því hversu langt verkið er komið og hvort sýning verður byggð á vinnu hans. Taka verður tillit til þess að leikstjórinn gæti hafa hafnað annarri vinnu vegna þessa verkefnis og því skal greiðsla til hans í slíkum tilfellum aldrei lægri en 1/3 af launum hans skv. samningi.

8. Hætti leikstjórinn á æfingatímabilinu án þess að sakir teljist hjá leikfélaginu skal helmingur gjaldfallina launa hans endurkræfur, eða ekki greiðast, ef ógreidd eru.

9. Hætti leikstjóri við verkefnið vegna annars verkefnis skal hann endurgreiða þann hluta launa sem hann hefur þegar fengið greitt.

10. Verði leikstjóri veikur eða látist eftir að æfingar eru hafnar, á hann eða erfingjar hans rétt á að halda þeim greiðslum, sem fallnar eru í gjalddaga. Veikist hann hins vegar svo nálægt frumsýningu, að unnt reynist að ljúka æfingum og frumsýna verkið eftir hugmyndum hans, á

hann eða erfingjar hans rétt á fullri greiðslu samkvæmt samningi þessum.

11. Til verksins skulu leikstjóra áætlaðar 10 vikur, þannig að til undirbúnings hafi hann 2 vikur, æfingar standi síðan í 6 vikur (36 X 4 klst. æfingar ) og loks sé gert ráð fyrir 2 vikum í lausamennsku ("freelance") álag. Í undirbúningi felst t. a. m. öll vinna leikstjórans við greiningu efnisins og mótun áforma um framsetningu þess, að velja í hlutverk; sömuleiðis öll eðlileg forvinna leikstjórans með höfundum/þýðanda, leikmynda- búninga- og ljósahönnuði, tónlistar-/hljóðmyndar- og förðunarfélagi í tengslum við mótun hans á framsetningu efnisins fyrir svið. Sama gildir um vinnu leikstjórans við mat á og leiðréttingar á útfærslu þessara verkþátta sýningarinnar. Leikstjóri er yfirverkstjóri yfir öllum verkþáttum uppsetningarinnar. Leikstjóri leggur fram grunnhugmyndir að lýsingu og vinnur með ljósahönnuði við endanlega útfærslu lýsingar.

12. Leikstjóri leggur til grunnhugmynd að umgjörð leikrýmis, svo sem vegg, fleka eða tjöld og um skipan nauðsynlegasta búnaðar, svo sem palla, húsgagna eða leikmuna í það rými. Leikstjóri leggur til hugmynd um búninga almennt, svo sem um stíl og tegund klæðnaðar. Frekari hönnun leikmyndar, lýsingar, hljóðmyndar, búninga, leikmuna og leikskrár er ekki innifalin í verksviði leikstjórans. Taki leikstjóri að sér eitthvert þessara verka, skal samið um sérstaka greiðslu fyrir það og gerður um það sérstakur samningur áður en sú vinna hefst, hvort sem það er ákveðið fyrir æfingatímann eða eftir að æfingar eru hafnar. Leikstjóri skilar þá fullgildum teikningum fyrir þá hönnun sem hann tekur að sér. Ef leikstjóri tekur að sér að gera leikgerð eða gerir umfangsmiklar breytingar á handritinu, skal samið fyrirfram um sérstaka greiðslu fyrir það.

13. Leikstjóri á rétt á að fá eintak af leikritinu eigi síðar en mánuði áður en æfingar hefjast, þannig að honum gefist tími til undirbúnings og skipulagningar. Þar sem því verður við komið, skal gera ráð fyrir samstarfi leikstjóra og höfundar og/eða þýðanda. Stjórn leikfélags skal áður en æfingar hefjast, í samráði við leikstjóra, útvega honum aðstoðarmann, jafnframt skal stjórn leikfélagsins tilnefna fólk, sem fer með stjórn og ber ábyrgð á eftirtöldum atriðum: leikmynd, búningum, lýsingu, tónlist/hljóðmynd, förðun, ritstjórn leikskrár, leiksviðsstjórn og framkvæmdastjóra.

Leikstjóra er skylt að koma á staðinn og vinna með stjórn leikfélags sé þess óskað og verði því við komið. Leikfélagið greiði ferðir og upphald leikstjóra.

14. Leikstjóra ber að gæta ýtrustu útsjónarsemi í nýtingu vinnutíma. Honum er ekki heimilt að skuldbinda leikfélagið fjárhagslega, heldur bera undir fjármálastjórn leikfélagsins öll slík atriði.

15. Leikstjóri á höfundarrétt yfir verki sínu (sviðssetningu sinni) skv. almennum reglum um hugverkarétt og hefur leikfélagið því einvörðungu rétt til að sýna uppfærslu hans á sviði þess og í leikferðum á þess vegum, enda hafi fullt samráð verið haft við leikstjórnann um það í hvaða búningi hún fer.

16. Leikfélagið skal hafa samráð við leikstjóra varðandi allar kynningar á verki því sem hann leikstýrir. Gæta skal þess að nafn leikstjórans komi ávallt fram í kynningum og auglýsingum,

nema hann samþykki annað.

17. Leikfélagi er heimilt, að höfðu samráði við leikstjóra, að gera myndbandsupptöku af sýningunni eða kvikmynda einstök atriði úr henni til notkunar í auglýsingaskyni og/eða til varðveislu heimilda. Öll fjölföldun þessa efnis, dreifing, sala eða opinber sýning á því til/fyrir utanfélagsmenn er með öllu óheimil og varðar við höfundaréttarlög nema að fengnu leyfi allra höfundarréttshafa. Leikstjóri skal fá eintak af svona upptökum ef hann óskar þess og er hann sömuleiðis bundin af höfundarrétti annarra um meðferð og sýningarrétt á því efni.

Staður: \_\_\_\_\_

Dags. \_\_\_\_\_

Leikstjóri: \_\_\_\_\_

F.h. verkkaupa: \_\_\_\_\_